



FÉLAG GRUNNSKÓLAKENNARA
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
fg@ki.is • www.ki.is

Ágætu félagsmenn

Aðeins um frítökuréttinn.

Í upphafi er þrennt sem þarf að hafa í huga varðandi frítökuréttin:

- 1) Félagsmenn geta alltaf valið að fá yfirvinnu greidda eins og áður – alltaf án undantekninga.
- 2) Ef þeir kjósa geta þeir samið um að taka 44,44% yfirvinnuálag og frí.
- 3) Það er ekki hægt að skikka neinn til að fara frítökuleiðina - aldrei undir neinum kringumstæðum.

Samninganefnd FG setti fram sem eitt af markmiðum sínum að ná fram ákvæðum sem myndu gera félagsmönnum mögulegt að taka sér frí á meðan skóla stendur. Eins og menn vita hafa aldrei verið nein ákvæði um þetta í kjarasamningnum okkar. Það var því til nokkurs að vinna að ná inn grein um rétt til að semja um frítöku. Í sumum skólum hefur tíðkast að félagsmenn hafa getað fengið frí með „tíma á móti tíma“ en það er alls ekki allsstaðar. Á mörgum stöðum hefur ekki verið val um að taka frí á meðan skóla stendur nema með því að taka launlaust leyfi með tilheyrandi skerðingu á sumarlaunum.

Ákveðið var að fara þá leið sem nú er verið að kjósa um. Þetta er aðferð sem er að finna í mörgum samningum. Hér á eftir ætla ég að skýra hvernig frítökuréttar ákvæðið er hugsað og yrði í framkvæmd, verði samningur samþykktur.

Þetta er heimildarákvæði sem gefur félagsmönnum tækifæri til að semja um að taka yfirvinnu sína út með álagsgreiðslu og fríi. Félagismaðurinn hefur alltaf val um taka fulla greiðslu fyrir yfirvinnu sína eins og alltaf hefur verið - án undantekninga. Þetta tengist engum öðrum réttindum kjarasamningsins eins og t.d. veikindarétti eða rétti vegna veikinda barna. Þetta ákvæði er að finna í mörgum kjarasamningnum og löng hefð fyrir framkvæmd þess. Þetta er heimildarákvæði sem þýðir að það er alls ekki hægt að „skikka“ starfsmann til að taka yfirvinnu út í fríi og á sama hátt getur starfsmaður ekki krafist þess að fara þessa leið.

Ef menn vilja nýta sér frítökuákvæðið og semja við stjórnendur að taka út yfirvinnu í fríi er það hugsað svona:

Það er heimilt að nota alla yfirvinnu í frítökuna, hvort sem hún er forfallakennsla, föst yfirvinna eða hvaða yfirvinna sem er. Þegar frítakan er reiknuð út er 40 klst. vinnuvika notuð til grundvallar (ekki 42,86 klst. eins og vinnuframlag okkar er á viku).

Í töflu 1 má sjá dæmi fyrir félagsmann í launflokk 242. Hann hefur t.d. unnið 8 klst. í yfirvinnu. Hann getur auðvitað valið að fá yfirvinnu greidda að fullu kr. 43.344. Ef hann kys frekar að semja um frítöku fengi hann 44,44% yfirvinnuálag greitt, kr.19.262 og á þá líka frí í 8 klst. eða einn dag eins og sjá má í töflu 2.

Ef viðkomandi á 32 klst. í yfirvinnu getur hann fengið það að fullu greitt kr. 173.376. Ef hann kýs frekar að semja um frítöku fengi hann 44,44% álag greitt, kr. 77.048 og á þá 32 klst. (4 daga) í frí.

Ef félagsmaður sem hefur samið um að taka álag og frí, en einhverra hluta vegna tekst ekki að taka fríið. Í dæminu hér á undan var viðkomandi búinn að fá álag greitt vegna 32 klst. (77.053 kr.) og átti fríið inni en nær ekki að taka það. Í því tilviki fær félagsmaðurinn mismuninn (þ.e.a.s. á fullum yfirvinnutaxta að frádregnu álaginu. 173.376 kr. – 77.048 kr. = 96.328 kr.) greiddan.

Að nýta sér möguleikann á frítökuréttinum verður hagstæðara en taka "tíma á móti tíma". Það byggist á því að félagsmenn fá álagið greitt og eiga fríið.

Ef félagsmenn og stjórnendur vilja fara þá leið að nota "tíma á móti tíma" þá er ekkert sem bannar það, en heldur ekkert sem heimilar það.

Tafla 1

Öll yfirvinna greidd út

Launafl.	Grunnlaun	Yfirvinna
242	521.745	5.418

klst. / kest.	Yfirvinna
1	5.418
4	21.672
8	43.344
32	173.376
40	216.720

Tafla 2

Álag greitt út og frí tekið

Álag 44,44% af yfirvinnunni	
2.408	

Greiðsla "44,44%"	"Frí"
2.408	1 klst.
9.631	4 klst.
19.262	8 klst. / 1 dagur
77.048	32 klst.
96.310	5 dagar